

Reglur um úthlutun lóða í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Um er að ræða lóðir í þéttbýlinu á Brautarholti og þéttbýlinu í Árnasi.

1. Umsóknir skulu vera skriflegar. Þar skal koma fram nafn og heimili umsækjanda og um hvaða lóð er sótt.
2. Að jafnaði er það svo að fyrstur kemur fyrstur fær og ræður sá tími er umsókn er komin í hendur sveitarstjóra.
3. Umsækjendur skulu vera fjárráða og ekki vera í fjárhagslegum vanskilum við sveitarfélagið
4. Við úthlutun lóða, skulu umsækjendur tilgreina með glöggum hætti byggingar áform sín og framkvæmdahraða
5. Við úthlutun lóða skal frestur lóðarhafa til að hefja framkvæmdir á lóðinni vera 8 mánuðir frá því að lóð er tilbúin fyrir byggingarframkvæmdir. Lóð telst tilbúin fyrir byggingarframkvæmdir þegar götur eru tilbúnar og stofnkerfi lagna við viðkomandi lóð er klárt. Framkvæmd telst vera hafin við fyrstu áfangaúttekt. Framlenging á frestinum kemur því aðeins til greina að lóðarhafi sækir um slíkt skriflega áður en fresturinn rennur út og geti fært fram rök fyrir slíkri beiðni hámarks viðbótarfrestur er 4 mánuðir. Lóðaúthlutun fellur úr gildi ef frestur rennur út án þess að lóðarhafi hefji byggingar- framkvæmdir eða setji fram rökstudda beiðni um lengri frest.
6. Stöðvist byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur getur Skeiða- og Gnúpverjahreppur fellt byggingarleyfið úr gildi að undangenginni aðvörun. Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár eða lengur getur Skeiða- og Gnúpverjahreppur fellt úr gildi lóðaleigusamning og farið fram á eignarnám á ófullgerðum mannvirkjum til greiðslu kostnaðar.
7. Áður úthlutaðar lóðir taka frest miðað við gildistöku þessarar samþykktar.